

Hagnaður N1 1.072 milljónir króna á 3. ársfjórðungi 2016

Helstu niðurstöður

- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 1.472 m.kr. á 3F 2016 samanborið við 1.110 m.kr. á sama tímabili 2015
- Framlegð af vörusölu jókst um 13,2 % á 3F 2016
- Umferð á þjóðvegum landsins jókst um 9,1% á 3F 2016 samanborið við 3F 2015
- Selt magn af bensíni og gasolíu jókst um 8,9% á milli 3F 2016 og 3F 2015
- Selt magn án JET lækkaði um 9,1% á milli 3F 2016 og 3F 2015 vegna minni umsvifa í sjávarútvegi ásamt minni sölu til erlendra aðila
- Eigið fé var 8.538 m.kr. og eiginfjárlutfall 39,6% í lok 3F 2016

<i>Þúsundir króna</i>	3F 2016	3F 2015	Breyt.	% Breyt.	9M 2016	9M 2015	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Framlegð af vörusölu	3.402.907	3.004.997	397.910	13,2%	8.520.502	7.845.295	675.207	8,6%
Aðrar rekstrartekjur	91.344	87.874	3.470	3,9%	279.238	281.496	-2.258	-0,8%
EBITDA	1.472.431	1.110.043	362.388	32,6%	2.949.942	2.383.511	566.431	23,8%
EBIT	1.291.178	932.267	358.911	38,5%	2.418.250	1.855.117	563.133	30,4%
EBT	1.297.660	906.831	390.829	43,1%	2.335.078	1.849.531	485.547	26,3%
Hagnaður tímabilsins	1.071.893	740.209	331.684	44,8%	1.903.321	1.509.721	393.600	26,1%
Efnahagsreikningur								
Birgðir	-	-	-	-	2.731.101	3.307.925	-576.824	-17,4%
Viðskiptakröfur	-	-	-	-	3.106.694	3.445.832	-339.138	-9,8%
Vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	6.370.000	6.370.000	0	0,0%
Handbært fé	-	-	-	-	3.867.222	3.387.500	479.722	14,2%
Nettó vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	2.578.988	3.018.676	-439.688	-14,6%
Sjóðstreymi								
Handbært fé frá rekstri	2.763.982	2.394.737	369.245	15,4%	3.540.108	3.370.059	170.049	5,0%
Fjárfestingahreyfingar	-218.580	-85.436	-133.144	155,8%	-713.480	-283.467	-430.013	151,7%
Fjármögnunarahreyfingar	-152.915	-168.834	15.919	-9,4%	-1.435.385	-4.351.751	2.916.366	-67,0%
Handbært fé í lok tímabils	3.867.222	3.387.500	479.722	14,2%	3.867.222	3.387.500	479.722	14,2%
Lykiltölur								
EBITDA/framlegð	43,3%	36,9%	6,3%	17,1%	34,6%	30,4%	4,2%	14,0%
Eiginfjárlutfall	39,6%	-	-	-	39,6%	40,1%	-0,5%	-1,2%
Laun/framlegð	30,3%	30,3%	0,0%	0,1%	36,3%	36,7%	-0,4%	-1,2%
Hagnaður á hlut	3,06	1,57	1,49	95,1%	5,44	2,60	2,84	109,2%
Arðsemi eigin fjár	-	-	-	-	33,2%	20,7%	12,5%	60,4%
Fjárfestingar	-280.149	-74.942	-205.207	-273,8%	-866.313	-292.480	-573.833	196,2%
Veltuhraði birgða	9,72	14,06	-4,35	-30,9%	8,40	12,38	-3,98	-32,1%
Þúsundir króna								
Markaðshlutdeild án JET *	34,1%	39,2%	-5,1%	-13,0%	33,6%	37,8%	-4,2%	-11,2%
Markaðshlutdeild bensín	35,1%	34,7%	0,4%	1,0%	32,4%	32,3%	0,1%	0,2%

* JET stendur fyrir flugvélaeldsneyti

Rekstur þriðja ársfjórðungs

<i>Þúsundir króna</i>	3F 2016	3F 2015	Breyt.	% Breyt.	9M 2016	9M 2015	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Framlegð af vörusölu	3.402.907	3.004.997	397.910	13,2%	8.520.502	7.845.295	675.207	8,6%
Aðrar rekstrartekjur	91.344	87.874	3.470	3,9%	279.238	281.496	-2.258	-0,8%
Laun og annar starfsmannakostnaður	-1.032.601	-910.690	121.911	13,4%	-3.090.346	-2.878.913	-211.433	7,3%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-593.785	-723.880	-130.095	-18,0%	-1.576.566	-1.806.109	229.543	-12,7%
Annar rekstrarkostnaður	-395.433	-348.258	47.175	13,5%	-1.182.885	-1.058.258	-124.627	11,8%
EBITDA	1.472.432	1.110.043	362.389	32,6%	2.949.943	2.383.511	566.432	23,8%

EBITDA á 3F 2016 var 1.472 m.kr. samanborið við 1.110 m.kr. á sama tímabili 2015. Aukning í framlegð félagsins skýrist að mestu af auknum umsvifum á einstaklingsmarkaði og bílaþjónustu. Óhagstæð þróun var á heimsmarkaðsverði olíu á 3F 2015 sem hafði neikvæð áhrif á framlegð en heimsmarkaðsverð á bensíni lækkaði um 31% á 3F 2015 og díselolíu lækkaði um 19% á sama tímabili en á 3F 2016 var óveruleg hækkun á bensíni og díselolíu á heimsmarkaði. Samningsbundnar launahækkunar skýra að mestu hærri launa- og starfsmannakostnað á 3. ársfjórðungi 2016 miðað við sama tímabil 2015 ásamt fjölgun stöðugilda vegna aukinna umsvifa á einstaklingsmarkaði.

Tekjur á þriðja ársfjórðungi

<i>Þúsundir lítra / velta í öðrum vörum í þúsundum króna</i>	3F 2016	3F 2015	Breyt.	% Breyt.	9M 2016	9M 2015	Breyt.	% Breyt.
Selt magn - bensín	19.637	18.605	1.032	5,5%	47.545	45.427	2.117	4,7%
Selt magn - gasolía	28.992	26.030	2.962	11,4%	70.539	62.925	7.614	12,1%
Selt magn - heild án JET	76.982	84.714	-7.733	-9,1%	185.469	206.478	-21.009	-10,2%
Velta annarra vara	3.080.903	2.835.099	245.804	8,7%	8.095.189	7.600.910	494.279	6,5%
Framlegð eldsneytis	1.973.014	1.700.739	272.275	16,0%	4.826.496	4.470.045	356.451	8,0%
Framlegð annarra vara	1.429.892	1.304.258	125.634	9,6%	3.694.005	3.375.250	318.755	9,4%
	3F 2016	3F 2015	Breyt.	% Breyt.	9M 2016	9M 2015	Breyt.	% Breyt.
Markaðshlutdeild án JET *	34,1%	39,2%	-5,1%	-13,0%	33,6%	37,8%	-4,2%	-11,2%
Markaðshlutdeild bensín	35,1%	34,7%	0,4%	1,0%	32,4%	32,3%	0,1%	0,2%

* JET stendur fyrir flugvélaeldsneyti

Selt magn án JET minnkaði um 9,1% á 3F 2016 samanborið við 3F 2015 en minnkunin skýrist af minni umsvifum í sjávarútvegi á 3F 2016 ásamt minni sölu til erlendra aðila. Breytt samsetning sölu á 3F 2016 miðað við 3F 2015 ásamt lækkun á heimsmarkaðsverði olíu á þriðja ársfjórðungi 2015 skýrir að mestu að framlegð á seldan lítra eldsneytis á 3. ársfjórðungi 2016 er hærri en á sama tímabili 2015 en heimsmarkaðsverð á bensíni lækkaði um 31% á 3F 2015 og díselolíu lækkaði um 19% á sama tímabili. Umsvif í eldsneytissölu á einstaklingsmarkaði jukust á milli tímabila sem tengist að mestu aukinni umferð samfara auknum fjölda ferðamanna á milli ára. Velta annarra vara jókst um 8,7% á 3F 2016 ef horft er til sama tímabils á árinu 2015 en aukningin skýrist einnig af auknum umsvifum á einstaklingsmarkaði og í bílaþjónustu. Framlegð annarra vara jókst um 9,6% en aukning í framlegð skýrist af breyttri sölusamsetningu á 3F 2016 miðað við 3F 2015.

Rekstrarkostnaður á þriðja ársfjórðungi

<i>Þúsundir króna</i>	3F 2016	3F 2015	Breyt.	% Breyt.
Launa- og starfsmannakostnaður	-1.032.601	-910.690	121.911	13,4%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-593.785	-723.880	-130.095	-18,0%
Annar rekstrarkostnaður	-395.433	-348.258	47.175	13,5%

Samningsbundnar launahækkningar skýra að mestu hærra launa- og starfsmannakostnað á 3. ársfjórðungi 2016 miðað við sama tímabil 2015 ásamt fjölgun stöðugilda. Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf á 3F 2016 var 597 en var 582 á 3F 2015 en fjölgun stöðugilda er vegna aukinna umsvifa á einstaklingsmarkaði. Sölu- og dreifingarkostnaður var 18,0% lægri á þriðja ársfjórðungi 2016 sem skýrist af minni umsvifum í sjávarútvegi ásamt minni sölu til erlendra aðila og á flugeldsneyti (JET). Annar rekstrarkostnaður hækkar um 13,5% á 3F 2016 miðað við 3F 2015 en hækkinin er að mestu vegna almennra kostnaðarhækkana og aukinna umsvifa á einstaklingsmarkaði.

Fjármagnsliðir

<i>Þúsundir króna</i>	3F 2016	3F 2015	Breyting	% Breyting
Fjármunatekjur	34.801	21.089	13.712	65,0%
Fjármagnsgjöld	-113.665	-111.928	1.737	1,6%
Gengismunur	-25.076	-9.458	-15.618	165,1%
Áhrif hlutdeildarféлага	111.900	74.861	37.039	49,5%
Gangvirkisbreyting hlutabréfa	-1.478	0	-1.478	-
Samtals	6.482	-25.436	31.918	-125,5%

Fjármunatekjur voru hærra á 3F 2016 en á sama tímabili árið á undan vegna aukins stöðu handbærs fjár og hærra innlánsvaxta á 3F 2016. Gengismunur var neikvæður á 3F 2016 eins og á 3F 2015 vegna þróunar á gengi USD/ISK. Afkoma hlutdeildarféлага var hærra á 3F 2016 en á 3F 2015.

Efnahagur og fjárhagsleg staða

<i>Þúsundir króna</i>	9M 2016	9M 2015	Breyting	% Breyting	2015
Birgðir	2.731.101	3.307.925	-576.824	-17,4%	2.604.007
Viðskiptakröfur	3.106.694	3.445.832	-339.138	-9,8%	2.275.197
Vaxtaberandi skuldir	6.370.000	6.370.000	0	0,0%	6.370.000
Handbært fé	3.867.222	3.387.500	479.722	14,2%	2.472.372
Nettó vaxtaberandi skuldir	2.578.988	3.018.676	-439.688	-14,6%	3.971.750
Eiginfjárlutfall	39,6%	40,1%	-0,5%	-1,2%	41,2%
Veltuhraði birgða	8,40	12,38	-3,98	-32,1%	12,03

Lækkun birgða og viðskiptakrafna á milli 3F 2016 og 3F 2015 skýrist að mestu af lægra heimsmarkaðsverði á olíu og styrkingar á ISK. Nettó fjárfestingar í rekstrarfjármunum á 3F 2016 voru 280 m.kr. en félagið keypti fasteign og rekstur Gúmmívinnslunnar á Akureyri á fjórðungnum. Nettó vaxtaberandi skuldir eru lægri í lok september 2016 en á sama tíma 2015, fyrst og fremst vegna betri stöðu á handbæru fé í lok 3F 2016 en 3F 2015. Félagið mun endurfjármagna langtímaskuldir sínar og taka lán hjá Landsbanka Íslands þann 1. nóvember 2016.

Lækkun hlutafjár

Stjórn félagsins mun boða til hluthafafundar 21. nóvember 2016 og leggja fyrir hluthafafundinn tillögu um að færa niður hlutafé félagsins um 100 m.kr. að nafnverði, og yfirverðsreikning hlutafjár um 1.187 m.kr., eða samtals um 1.287 m.kr., og verði fjárhæðin greidd til hluthafa félagsins hlutfallslega í samræmi við hlutafjäreign þeirra í félaginu í lok dags 16. desember 2016, ef lögboðnar forsendur verða fyrir útgreiðslunni á þeim tíma, en ellegar við fyrsta mögulega tímamark eftir að lögboðnar forsendur fyrir útgreiðslunni hafa verið uppfylltar.

Horfur í rekstri N1 hf. og hækkun á EBITDA spá 2016

- Órói á olíumörkuðum mun valda sveiflum á framlegð og fjárbindingu
- Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun erlendra ferðamanna á milli 4F 2015 og 4F 2016
- Innlendar kostnaðarhækkanir munu hafa áhrif á reksturinn þrátt fyrir lága verðbólgu

Í ljósi afkomu á fyrstu 9 mánuðum ársins gerir félagið nú ráð fyrir að EBITDA ársins 2016 verði 3.500 – 3.600 m.kr. Sú spá byggir á því að olíuverð verði tiltölulega stöðugt og að gengi USD/ISK verði í kringum 115. Rekstur félagsins er sveiflukenndur og fellur stærsti hluti EBITDA til á 2. og 3. ársfjórðungi.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok september 2016 nam 26,5 milljörðum króna
- Hluthafar í lok september 2016 voru 1.168

Kynningarfundur föstudaginn 28. október 2016

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 28. október 2016 í höfuðstöðvum N1 að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Kristófersson, forstjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 8:30 og verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu N1: <http://www.n1.is/um-n1/fjarfestar/> og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Fjárhagsdagatal

- Ársreikningur 2016: 16. febrúar 2017
- Aðalfundur 2017: 22. mars 2017

Nánari upplýsingar veita Eggert Kristófersson, forstjóri, (eggert@n1.is) og Pétur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (peturh@n1.is).